


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		
Steinsteypuvirki húsasmiða SVH 1024 Kennsluáætlun vorönn 2010		

Kennari	Guðmundur Óskar Guðmundsson	Sk.st.	GOS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Afangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um framkvæmdir við undirstöður og burðarvirki steinsteypra bygginga og mannvirkja. Byrjað er á að gera grein fyrir afsetningu húsa og mælingum á byggingastað, því næst er fjallað um mótasmiði einstakra byggingarhluta, einangrun botnplötu, niðurlögn steinsteypu, gerð og smíði verkpalla eftir því sem bygging rís. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og lögð er áhersla á samhengi námsþátta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi fengið nokkra innsýn í smíði steypumóta og verkpalla í vinnustaðanámi áður en þeir fara í áfangann. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og fer kennslan þannig fram að tvinnuð er saman bóklegum og verklegum þáttum námsins með fyrirlestrum og verkefnavinnu.


Markmið:

Nemandi

- þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingastað
- kunni skil á algengustu mæliaðferðum og mælitækjum
- geti staðsett byggingarlínur á hornaslám og mælt lengdir
- geti afsett hæðir á byggingarstað út frá fastpunkti
- kunni að finna réttan halla á lögnum eða plani
- kunni skil á einangrun botnplötu og sökkulveggja
- þekki helstu einangrunarefni sem notuð eru í húsgrunna
- hafi innsýn í þjöppun fyllingarefna og einangrun veggja og plötu
- kunni skil á smíði og niðurrifi steypumóta fyrir byggingar og mannvirki
- þekki muninn á hefðbundnum steypumótum og flekamótum
- þekki smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta
- kunni að koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót
- viti deili á smíði steypumóta vegna meiriháttar steypuviðgerða
- viti hvernig á að rífa og ganga frá hefðbundnum mótum og flekamótum
- þekki öryggisráðstafanir við smíði og niðurrif steypumóta
- þekki framleiðslu og niðurlögn steinsteypu
- geti leiðbeint kranastjóra við flutning á efni og tækjum
- kunni að undirbúa steypumót fyrir niðurlögn steinsteypu
- viti deili á samsetningu og hörðunarferli steinsteypu
- kunni skil á aðhlyningu og eftirmeðhöndlun steinsteypu
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við niðurlögn steinsteypu

Námsgögn:	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
------------------	--

Bækur	Mótavinna og uppsláttur (2005 IÐNÚ, Menntafélag byggingariðnaðarins).
Ljósrit	Öryggisatriði fyrir kranastjórnun. Álagsmerkingar á tré- og stálstoðum.
Verklegar æfingar	Steypuvirki með breytilegum tengjum unnið í Skála.
Annað (t.d. ítarefni)	Heimsónir á vinnustaði, verslanir og jafnvel víðar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
Steinsteypuvirki húsmiða SVH 1024 Kennsluáætlun vorönn 2010		


Áætlun um yfirferð:

Vika	<i>Námsefni: Kennslubókin Mótavinna og mótauppsláttur</i>	
2-4	Kafli 1	Steypumót
4-6	-- -- 2	Mót fyrir hurðir og glugga
6-9	-- -- 3	Veggjamót
9-12	-- -- 4	Sulumót
12 – 13	Kafli 5	Loftamót
13	Bók yfirfarin	(Páskar)
13 -14	Kafli 5	Loftamót
14-15	-- -- 6	Bitamót
15-17	-- -- 7	Stigamót
17	Bókin yfirfarin og metin. Skilað 2. Apríl. Uppgjör á önn	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokannarpróf	50%
Skyndipróf	Eitt próf með 20 spurningum	15%
Frammistaða á önn	Verkefni í kennslubók metin (bók yfirfarin tvisvar á önn)	35%

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	Steinsteypuvirki húsasmiða SVH 1024 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils